

# Tíu tonn af textíl

## Ókeypis sendingarkostnaður, rándýr langtímaáhrif

Íslendingar losa sig við hátt í 10 tonn af fötum á dag. Aðeins um 10% af fötunum komast í endurnotkun innanlands. 90% er sent erlendis til endurnotkunar eða í endurvinnslu.

Lesið meira [hér](#)

### Lesið

Byrjið á því að lesa fyrsta kaflann *Ókeypis sendingarkostnaður, rándýr langtímaáhrif* [hér](#)

### Verkefnavinna

Búið til glærukynningu með þremur glærum

#### Fyrsta glæra:

Myndræn skýring á staðreyndinni „Íslendingar losa sig við hátt í 10 tonn af fötum á dag“ Setjið fram myndrænt hvernig tíu tonn líta út? Sem dæmi mynd af 23.256 fótoltum ( $430 \text{ gr} \times 23.256 = 10 \text{ tonn}$ ).

#### Önnur glæra:

Útskýrið hvað er átt við með titlinum *Ókeypis sendingarkostnaður, rándýr langtímaáhrif*

#### Þriðja glæra:

Komið með hugmyndir um hvernig megi draga úr umhverfisáhrifum fatnaðar

Sem einstaklingur:

Sem skóli:

Sem samfélag:

# Tíu tonn af textíl

## Saklaust í körfunni, dýrt fyrir samfélagið

Frá árinu 2023 hafa sveitarfélög borið ábyrgð á því að safna fötum, skóm og öðrum textíl sem íbúar vilja losa sig við. Söfnun, flutningur og önnur meðhöndlun á þessum úrgangi hefur reynst sveitarfélögunum mjög íþyngjandi og kostnaðarsöm

Lesið meira [hér](#)

## Lesið

Byrjið á því að lesa annan kaflann *Saklaust í körfunni, dýrt fyrir samfélagið* [hér](#)

## Verkefnavinna

- Hvers vegna er fatasóun kostnaðarsöm fyrir sveitarfélögin?
- Útskýrið hvað er átt við með titlinum *Saklaust í körfunni, dýrt fyrir samfélagið*
- Ef þú værir bæjarstjóri, hvernig myndir þú ráðstafa fjármagninu sem myndi sparast ef tækist að draga veruleg úr textílsóun?
- Komið með 3 lausnir sem gætu minnkað magn fata sem fer í söfnunargáma og aukið samfélags- og umhverfislegan ávinning.

# Tíu tonn af textíl

## Góð ráð við fatakaup

Það er margvíslegt sem við getum gert til að vera partur af lausninni. Það mikilvægasta er að draga úr neyslu þar sem innkaupin ráðast í dag að miklu leyti af löngun en ekki þörfum.

Einnig eru til ýmis ráð til að auka líftíma fatnaðar og textíls sem samræmast hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins.

Lesið meira [hér](#)

## Lesið

Byrjið á því að lesa annan kaflann *Góð ráð við fatakaup* [hér](#)

## Verkefnavinnu

Í þessu verkefni ætlum við að útbúa veggspjald þar sem koma fram hugmyndir um hvernig megi haga fatakaupum á umhverfisvænan hátt.

Það sem fram á að koma á veggspjaldinu er ein tillaga úr hverjum flokki, í textanum eru flokkarnir:

- Kaupa minna
- Nota lengur
- Kaupa notað
- Leigja
- Koma í áframhaldandi notkun
- Skila á réttan stað

Þannig eiga að vera 6 hugmyndir á veggspjaldinu, ein úr hverjum flokk.

Hengið veggspjöldin á áberandi stað í skólanum

# Tíu tonn af textíl

## Að losa sig við föt er oftast ekki góðverk

Að losa sig við notuð föt er oftast ekki góðverk. Verulega lítil eftirspurn er eftir textíl sem þróunaraðstoð og hafa mörg ríki utan Evrópu hætt við að taka á móti textíl. Gott er að gefa gæðaföt til góðgerðarsamtaka eða auglýsa gefins á samfélagsmiðlum. Rusl verður þó áfram rusl og hætt er við því að gæðaflíkur tynist í magni af lakari gæðum ef við höldum áfram að kaupa svona mikið.

Lesið meira [hér](#)

## Lesið

Byrjið á því að lesa annan kaflann *Að losa sig við föt er oftast ekki góðverk* [hér](#)  
Horfið svo á þetta [myndband](#)

## Verkefnavinna

Svarið eftirfarandi spurningum

- Hvað veldur því að mikið magn fatnaðar frá Vesturlöndum endar í Ghana?
- Hvaða áhrif hefur þessi notaði fatnaður á samfélagið og umhverfið í Ghana?
- Hvað þýðir „dead white man’s clothes“?
  - Hvað segir það okkur um hlutverk Vesturlandabúa í vandanum og óréttlætið sem skapast?
- Hvaða lausnir gætu hjálpað til við að minnka neikvæð áhrif fatasóunar í Ghana?
- Hvað getum við sem einstaklingar lært af þessu vandamáli og gert til að vera ábyrgir neytendur?

Hugleiddu t.d. hvernig þú velur föt, hversu oft þú kaupir ný föt og hvernig þú gætir gert breytingar í þágu umhverfis og mannréttinda.